



SAMÞYKKTIR FYRIR SÝN HF.

1. KAFLI

Nafn félagsins, heimili og tilgangur

1. gr.

Félagið er hlutafélag og nafn þess er Sýn hf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er fjarskipta-, fjölmiðla- og upplýsingatæknistarfsemi og önnur skyld starfsemi, rekstur fasteigna og lánastarfsemi, ásamt því að ávaxta fé það sem hluthafar hafa bundið í starfseminni með rekstri í félaginu og fjárfestingum í dóttur- og hlutdeildarfélögum.

2. KAFLI

Hlutfé félagsins

4. gr.

Hlutfé félagsins er kr. 2.476.489.600, tveirmilljarðarfjögurhundruðsjötíuogsexmilljónirfjögurhundruðáttatíuogníupúsundogsexhundruðkrónur 00/100-.

Hver hlutur er að fjárhæð kr. 10,- að nafnverði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar.

5. gr.

Hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutfé, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta eftir sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum félagsins. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum aukningarhlutum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína, en að öðru leyti fer um útgáfu slíkra hluta eftir þeim reglum sem hluthafafundur setur hverju sinni.



Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga skal hann greiða dráttarvexti af skuldinni frá þeim degi til greiðsludags, auk alls kostnaðar við innheimtu. Jafnframt er heimilt að grípa til annarra þeirra vanefndaúrræða sem lög heimila á hverjum tíma.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

Aðalfundur Sýnar hf., haldinn 11. apríl 2024, samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til að gefa út nýtt hlutafé í félaginu allt að kr. 18.000.000 hluta. Heimild stjórnar skal aðeins nýtt til þess að efna skuldbindingar félagsins skv. kaupréttarsamningum við starfsmenn og lykilstjórnendur samstæðunnar í samræmi við samþykktar kaupréttaráætlanir. Forgangsréttur hluthafa samkvæmt 1. mgr. 5. gr. samþykktar félagsins gildir ekki um hið nýja hlutafé og falla hluthafar því frá áskriftarrétti sínum að hlutafjárauðningunni í samræmi við ákvæði 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Nýútgefnir hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Nýútgefnir hlutir veita réttindi frá skráningardegi hlutafjárhækkunar. Heimildin er veitt til 30. júní 2029. Stjórn félagsins skal vera heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við nýtingu heimildarinnar. Heimild þessi skal felld úr samþykktum þegar hún hefur verið nýtt.

6. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.

Hlutaskrá félagsins er gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar á skrifstofu félagsins. Útskrift frá verðbréfamiðstöð um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grundvöllur að hlutaskrá.

Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu skal honum afhent staðfesting úr rafrænni skuldaskrá um eignarhlut sinn er veitir honum full réttindi í félaginu skv. fyrirmælum í samþykktum þessum.

Ef hlutir félagsins hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal félagið skal birta á vefsíðu þess upplýsingar um tuttugu stærstu hluthafa félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma og skal miða við að upplýsingar séu uppfærðar ekki sjaldnar en á mánaðarfresti. Birting á vefsíðu félagsins hefur þó aðeins upplýsingagildi og dregur ekki með nokkrum hætti úr gildissviði greina 6.2 og 6.3.

7. gr.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa í hlutaskrá félagsins.



8. gr.

Eigendaskipti að hlut, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna til verðbréfamiðstöðvar jafnskjótt og þau fara fram í samræmi við lög um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.

Sá sem eignast hlut í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnun á eign sína á hlutnum.

9. gr.

Hver hluthafi er skyldur til þess, án sérstakrar skuldbindingar, að lúta samþykktum þessum, eins og þær eru nú eða þeim kann síðar að verða breytt á löglegan hátt. Þó verða hluthafar ekki, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutafjáreign sína í félaginu og eigi heldur að sæta innlausn á hlutum sínum.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggæringi. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu.

Engar hömlur eru lagðar á sölu eða framsal hlutabréfa í félaginu.

3. KAFLI

Hluthafafundir

10. gr.

Lögmætir hluthafafundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins með takmörkunum þeim sem landslög og samþykktir þessar setja.

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafundi og taka þar til máls. Sama rétt hefur forstjóri félagsins og endurskoðendur þess þótt þeir séu ekki hluthafar. Hafa þeir þar fullt málfrelsi og tillögurétt. Einnig getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum ef leita þyrfti álits þeirra eða aðstoðar.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð á fundinum. Umboð gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthafa er og heimilt að sækja hluthafafund ásamt ráðgjafa.

Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti, hvort sem er með þeim hætti að hluthafafundurinn verði



rafrænn að öllu leyti, eða að hluta. Ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal hennar sérstaklega getið í fundarboði og leiðbeiningar varðandi þátttöku veittar. Skal hluthafi sem hyggst nýta sér rafræna þátttöku tilkynna skrifstofu félagsins þar um með skriflegum hætti eigi síðar en fimm dögum fyrir boðaðan hluthafafund. Tilkynningunni skulu fylgja skriflegar spurningar er varða dagskrá fundarins eða framlögð skjöl, óski þeir svara á fundinum.

Telji stjórn félagsins ekki vera fyrir hendi ástæður eða aðstæður til að bjóða upp á þátttöku með rafrænum hætti skal hluthöfum þó veittur kostur á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflega. Í fundarboði skal kveðið á um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist skrifstofu félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir auglýstan hluthafafund. Að öðru leyti en hér er kveðið á um skal um rafræna þátttöku og/eða rafrænar atkvæðagreiðslur gilda ákvæði 80. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. síðari breytingar.

11. gr.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok maímánaðar ár hvert.

Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og gerir grein fyrir starfseminni á liðnu starfsári.
2. Stjórnin leggur fram til staðfestingar reikninga félagsins fyrir liðið starfsár ásamt athugasemdum og tillögum endurskoðenda.
3. Tekin ákvörðun um það hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á liðnu reikningsári.
4. Tillögur um breytingar á lögum eða samþykktum félagsins, sem löglega eru fram bornar.
5. Kosning stjórnar félagsins.
6. Kosning endurskoðunarfyrtækis félagsins.
7. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og endurskoðenda.
8. Starfskjarastefna félagsins.
9. Önnur mál, löglega fram borin.

Ef hluthafar sem ráða yfir minnst 1/3 (einum þriðja) hlutafjárins krefjast þess skriflega á aðalfundi skal fresta ákvörðunum um málefni þau sem greinir í 1. og 2. tölulið til



framhaldsaðalfundar sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

12. gr.

Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, samkvæmt ályktun hluthafafundar, þegar kjörnir endurskoðendur krefjast þess eða þegar hluthafar sem ráða minnst 1/20 (einum tuttugasta) hlutafjárins krefjast þess skriflega með tilvísun í fundarefni. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin skal stjórninni skylt að boða til fundar innan 14 daga frá því er henni barst krafan. Hafi félagsstjórn eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að ráðherra láti boða til fundarins samkvæmt 87. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

13. gr.

Til hluthafafundar skal boða með skriflegri eða rafrænni tilkynningu til hvers hluthafa eða með auglýsingu í kauphöll ef félagið er skráð á hlutabréfamarkaði.

Til hluthafafundar skal boða minnst þremur vikum fyrir fund og til aðalfundar minnst þremur vikum fyrir fund og lengst sex vikum fyrir fund.

Stjórn getur ákveðið að hluthafi skuli tilkynna félaginu þátttöku sína á hluthafafundi innan tiltekins frests fyrir fundinn, sem skal þó eigi vera lengri en tveir dagar. Fundarboð skal innihalda upplýsingar um skráningardag. Atkvæðisréttur á fundinum fer eftir fjölda hluta á því tímamarki þegar skráningarfresti lýkur.

Að öðru leyti fer um boðun og fyrirkomulag hluthafafundar og aðalfundar skv. ákvæðum hlutafélagalaga, nr. 2/1995

14. gr.

Þegar boðað er til hluthafafundar skal dagskrá, tillögur, svo og ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrsla stjórnar, starfskjarastefna og skýrsla endurskoðenda sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá hluthafafundar skal slík beiðni koma fram með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Stjórn skal kynna breytta dagskrá af þessu tilefni strax og tilefni gefst til. Hluthafar eiga rétt á að leggja fram mál eða ályktunartillögur fyrir aðalfund ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund. Félagsstjórn skal a.m.k. þremur dögum fyrir aðalfund upplýsa hluthafa með öruggum hætti um kröfuna og eftir atvikum tillöguna, svo og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins, t.d. á vef félagsins eða í kauphöll sé félagið skráð á skipulegan markað. Mál sem ekki hafa



verið greind í dagskrá hluthafafundar er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Löglega fram bornar viðauka- og breytingartillögur má bera upp á fundinum sjálfum.

15. gr.

Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins samkvæmt samþykktum þessum, þ.á m. ákveða form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðarbók. Í fundargerðarbók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðarbók eða fylgja henni. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðarbók. Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðarbók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins.

16. gr.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar skulu tillögur um samruna félagsins við annað félag, tillögur um að félaginu skuli slitið, sem og tillögur um að hluthafar skuli falla frá forgangsrétti að nýjum hlutum við hækkun á hlutafé félagsins, hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra og gildra atkvæða á hluthafafundi til þess að teljast hafa hlotið samþykki fundarins.

4. KAFLI

Stjórn og forstjóri félagsins

17. gr.

Aðalfundur kýs árlega fimm menn í stjórn félagsins og tvo menn í varastjórn.

Um hæfi stjórnarmanna og búsetu vísast til 66. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Tryggt skal við stjórnarkjör, hvort sem er í aðal- og/eða varastjórn, að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Verði niðurstaða stjórnarkjörs á hluthafafundi með þeim hætti að skilyrði um kynjahlutföll séu ekki uppfyllt skal vikið frá atkvæðamagni með eftirfarandi hætti. Fyrstu fjögur sætin í stjórn félagsins skulu skipa þeir tveir karlar og þær tvær konur sem fá flest



atkvæði í stjórnarkjöri. Fimmta sætið skal skipa sá einstaklingur, karl eða kona, sem næstur kemur að atkvæðamagni. Varastjórn skulu skipa sá karl og sún kona sem flest atkvæði hljóta í kjörinu. Sé ekki í framboði nægur fjöldi frambjóðenda af hvoru kyni til þess að uppfylla skilyrði um kynjahlutföll skal starfandi stjórn boða til nýs hluthafafundar innan mánaðar þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.

Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef fram koma tillögur um fleiri menn en kjósa skal. Ef hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 (einum tíunda) hlutafjárins krefjast þess skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við stjórnarkjör. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir fund. Sé krafist bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar skal beita margfeldiskosningu.

Í skýrslu stjórnar í ársreikningi skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í ársreikningi skulu jafnframt koma fram upplýsingar í sömu veru um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins, en stjórn skal sérstaklega gæta að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra.

18. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skal stjórn kjósa formann og ákveða verkaskiptingu að öðru leyti.

Formaður kveður til stjórnarfunda og stýrir þeim. Fund skal og halda ef einhver stjórnarmanna, forstjóri eða endurskoðendur krefjast þess.

Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir hann. Á stjórnarfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða lögum fyrirmælum. Stjórnin skal halda gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni. Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveða á um framkvæmd starfa hennar.

19. gr.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda.

Helstu störf stjórnarinnar eru:

1. Að ráða forstjóra félagsins, ákveða laun hans og önnur starfskjör.
2. Að taka stefnumarkandi ákvarðanir er varða hag og starfsemi félagsins.



3. Að hafa stöðugt eftirlit með rekstri félagsins, sérstaklega með bókhaldi og meðferð á fjármunum þess.
4. Að veita prókúruumboð fyrir félagið.

20. gr.

Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.

21. gr.

Forstjóri félagsins annast daglegan rekstur þess í samræmi við stefnu og fyrirmæli félagsstjórnar. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar getur forstjóri aðeins gert með samþykki stjórnarinnar. Þoli slíkar ráðstafanir ekki bið er honum þó heimilt að grípa til þeirra enda tilkynni hann stjórninni það án tafar.

Forstjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Forstjóri ræður alla starfsmenn félagsins og veitir þeim lausn frá störfum.

Stjórn félagsins veitir forstjóra, svo og öðrum starfsmönnum ef hentugt þykir, heimild til að rita firma félagsins.

Forstjóri ber að veita stjórninni og endurskoðendum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi félagsins sem þeir óska.

22. gr.

Stjórnarmaður eða forstjóri má ekki taka þátt í meðferð máls, ef hann hefur persónulegra og verulegra hagsmuna að gæta sem kynnu að brjóta í bága við hagsmuni félagsins. Skyld er þeim, sem í hlut á, að upplýsa um slík atvik.

Stjórn félagsins, forstjóri eða aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

5. KAFLI

Reikningshald og endurskoðun

23. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Á hverju reikningsári skal semja ársreikning félagsins og skal hann gerður í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga og bókhald.



24. gr.

Aðalfundur kýs árlega löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag sem skal rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund.

Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins, og skal hann fullnægja hæfisskilyrðum 11. gr. laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur.

25. gr.

Endurskoðendur félagsins skulu í samræmi við góða endurskoðunarvenju endurskoða ársreikning og samstæðureikning félagsins og í því sambandi kanna allt reikningshald og alla reikninga þess.

Endurskoðendur skulu jafnan hafa aðgang að öllum bókum og skjölum félagsins.

26. gr.

Ársreikningur skal sýna ítarlega og skilmerkilega tekjur og gjöld félagsins, eignir þess og skuldir. Með gjöldum skulu taldar hæfilegar afskriftir af fasteignum og lausafjármunum félagsins.

Samstæðureikningur skal hafa að geyma ársreikning félagsins ásamt ársreikningum dótturfélaga þess.

Ársreikningur og samstæðureikningur skulu að öðru leyti fullnægja þeim skilyrðum er landslög setja.

27. gr.

Ársreikningur og samstæðureikningur, undirritaðir af stjórn félagsins og forstjóra, skulu lagðir fyrir endurskoðendur félagsins.

Endurskoðendur skulu hafa lokið endurskoðun reikninganna þremur vikum fyrir aðalfund. Skulu þeir senda stjórninni skýrslu sína og ber að varðveita hana á öruggan hátt.

6. KAFLI

Ráðstöfun ágóða, þ.á.m. úthlutun arðs

28. gr.

Aðalfundur tekur ákvörðun um ráðstöfun árságóða.



Stjórn félagsins skal leggja fyrir aðalfund tillögu um skiptingu ágóðans, þ.á.m. hve stór hundraðshluti skuli lagður í varasjóð og hve miklum arði skuli úthlutað til hluthafa. Að jafnaði er ekki heimilt að úthluta meiri arði en stjórnin leggur til eða samþykkir á aðalfundi.

29. gr.

Aðalfundur ákveður gjalddaga arðs til hluthafa og verður hann að vera innan sex mánaða frá fundinum.

Hver hluthafi getur vitjað arðs á skrifstofu félagsins allt að fjórum árum eftir gjalddaga hans. Að öðrum kosti fellur arðurinn til félagsins.

7. KAFLI

Eigið hlutafé félagsins

30. gr.

Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa, sbr. 55.-62. gr. VIII. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995. Í tilviki 55. gr. hlutafélagalaga þarf samþykki hluthafafundar að liggja fyrir áður en keypt er og skal slíkrar heimildar getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi.

Félagið má ekki veita lán út á hluti sína, nema lög heimili það sérstaklega.

Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

8. KAFLI

Breytingar á samþykktum félagsins

31. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum.

32. gr.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að eftirgreindar breytingar verði gerðar á samþykktum þessum:

1. Að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum.



2. Að skylda hluthafa til að þola innlausn á hlutabréfum sínum nema um félagsslit sé að ræða.
3. Að skerða rétt hluthafa eða auka skuldbindingar þeirra.

Breyting á samþykktum, sem raskar réttarsambandinu milli hluthafa verður því aðeins gerð að þeir hluthafar sem sæta eiga réttarskerðingu gjaldi henni jáyrði.

9. KAFLI

Slit á félaginu og samruni þess við annað

félag eða félög

33. gr.

Tillaga um slit á félaginu eða samruna þess við annað félag eða félög skal fá sömu meðferð og tillaga til breytinga á samþykktum þessum.

Um félagsslit vísast að öðru leyti til XIII. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Um samruna félagsins við annað félag eða félög vísast til XIV. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995.

10. KAFLI

Önnur ákvæði

34. gr.

Þar sem ákvæði samþykpta þessara segja ekki til um hvernig með skuli fara skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995, svo og öðrum lagaákvæðum sem við geta átt, svo sem lögum um ársreikninga og bókhald.



Breytt þann 14. mars 2025 á aðalfundi og áritað af stjórn félagsins:

Ragnar Páll Dyer

Hákon Stefánsson

Páll Gíslason

Heiðrún Lind Marteinsdóttir

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir

Viðauki skv. 30. gr. samþykktanna

Aðalfundur Sýnar hf. haldinn 14. mars 2025 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu, setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Tilgangur félagsins með endurkaupum er að lækka hlutafé félagsins og/eða að gera félaginu kleift að standa við skuldbindingar sínar skv. kaupréttarsamningum við starfsmenn. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.